

3. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á 1856.
 Íslandi um þýðingu annarar greinar í helgidagatil- 8. marz.
 skipun 28. marz 1855.

Þær hafið herra stiptamtmaður með bréfi yðar 19. nóvember f. á. sent bréf með fylgiskjali frá bæjarfógetanum í Reykjavík, í hverju hann lætur í ljósi meiningu sína viðvíkjandi bréfi 10. október f. á., sem kaupmaður Þ. Jónathansson hefir sent beinlínis hingað; í bréfi þessu gjörir nefndur kaupmaður þá fyrirspurn, sumpart hvort hann eptir meginreglum helgidagatilskipunarinnar sé skyldur að greiða 32 sk. sekt þá, sem úrskurður stiptamtmanns 4. september f. á. hefir ídæmt hann fyrir brot gegn helgidagatilsk. 28. marz f. á., og sumpart hvort lögreglustjórnin í Reykjavík geti fyrirmunað honum að verka fisk og afferma eða hlaða skip á helgidögum á undan og eptir guðshjónustu, hafi hann áður snúið sér til lögreglustjórnarinnar og sannað, að hlutaðeigandi hefði töluverðan óhagnað ef ekki væri leyft.

Viðvíkjandi þessu læt eg ekki hjá líða til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsingar að skýra frá, að standa verður við sektina, einkum þar hlutaðeigandi, eptir því sem próf þau, sem tekin hafa verið, sýna, hefir gengizt undir úrskurð stiptamtmanns. Viðvíkjandi hinum öðrum tveimur fyrirspurnum fellst stjórnarráðið á álit bæjarfógeta Finsens, að leyfilegt sé, samkvæmt orðatiltækjunum í 2. gr. nefndrar tilskipunar, að verka fisk á helgidögum, þegar ekki má fresta því lengur sökum óhagstæðrar veðráttu, en að ekki megi leyfa að ferma eða afferma skip í Reykjavík á tæðum tíma, þar höfnin í Reykjavík ekki verður álitin sem opið pláz það, sem 2. gr. í optnefndri tilskipun um getur.

4. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og 22. marz.
 amtmannanna á Íslandi um að mæla skip, sem sigla
 til Íslands.

Þar það hefir optar borið við á Íslandi árið sem leið, að